

12. júlí 2012

Niðurstaða athugunar á verklagi Arion banka hf. er varðar flokkun viðskiptavina m.t.t. fjárfestaverndar

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi, með vísan til 8. og 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998, athugun er varðaði flokkun viðskiptavina og verklag Arion banka hf. því tengt, sbr. ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerð 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Athugunin fór fram með vettvangsheimsókn og gagnaöflun á starfsstöð bankans þann 9. og 10. nóvember 2011. Arion banka hf. var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við drög að niðurstöðum athugunarinnar. Endanleg niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ásamt kröfu um úrbætur innan tiltekinna tímamarka var síðan send Arion banka hf. í júní 2012 og hafði þar verið tekið tillit til sjónarmiða bankans eftir því sem efni þóttu standa til. Þá var farið fram á að Arion banki hf. fæli innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur að fresti loknum og skila Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar að lútandi.

Tekið skal fram að niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var vegna hennar og miðast við stöðuna eins og hún var á úttektartímabilinu.

Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar. Tekið skal fram að umfjöllunin er, eðli máls samkvæmt, einkum takmörkuð við þau atriði sem Fjármálaeftirlitið telur tilefni til að gera athugasemdir við og að ráða þurfi bót á.

Fjármálaeftirlitið telur að verklag bankans við flokkun viðskiptavina almennt sé í samræmi við ákvæði laga. Niðurstöður athugunarinnar gefa þó tilefni til nokkurra athugasemda.

Fjármálaeftirlitið telur innra eftirliti Arion banka hf. með flokkun viðskiptavina vera ábótavant og að regluvarsla hafi í því efni ekki sinnt eftirlitshlutverki sínu sem skyldi. Þá hafi yfirstjórn bankans ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við því að misbrestur hafi orðið á flokkun viðskiptavina bankans, þrátt fyrir ábendingar þess efnis frá innri endurskoðun hans.

- Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að Arion banki hf. hafi átt viðskipti fyrir hönd viðskiptavina sem teljast til almennra fjárfesta án þess að uppfylla kröfur laga um flokkun viðskiptavina. Þá uppfyllti bankinn ekki í öllum tilvikum kröfur um upplýsingagjöf til viðskiptavinar með fullnægjandi hætti.
- Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að Arion banki hf. styðjist við ófullnægjandi gögn við mat á því hvort viðskiptavinur teljist hæfur til að flokkast sem fagfjárfestir og að bankinn hafi ekki gefið viðskiptavini skýra skriflega viðvörðun um breytingu á réttarvernd og bótarétti í tengslum við uppfærslu á flokkun hans.
- Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við ástand og utanumhald verkferla er lúta að flokkun viðskiptavina hjá Arion banka hf. og telur þá ekki uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra sem stjórnækis til að tryggja samræmt verklag við flokkunina.

Með tilliti til ólíkrar stöðu Arion banka hf. og viðskiptavinar mælir Fjármálaeftirlitið með því að bankinn hljóðriti öll símtöl og að viðskiptavinur geti óskað eftir að nota símtöl sem sönnun fyrir inntaki fyrirmæla sinna.

Fjármálaeftirlitið mun birta gagnsæistilkynningu á ný þegar skýrsla innri endurskoðanda Arion banka hf. um úrbætur liggur fyrir.